

stöðv-a *so. vb.-a – kalla*
[-aði]

– stöðvið þjófinn!

‡ stæðva • standa, stansa, staddur; staður,
staða, stöð; stöðugur

krefja *so. vb.-0 – leggja*
[krafði]

– dyravörðurinn krafði fólk um
skilríki

‡ • krafa

þurrk-a *so. vb.-a – kalla*
[-aði]

– þú verður að þurrka upp
bleytuna

‡ þurka • þurr; þorna

stækka *so. vb.-a – kalla*
[-aði]

– barnið hefur stækkað

‡ stækka • stærð, stór » auka, hækka «
minnka

ferðalag *hk. – hús Ö*
[-s, ferðalög]

– við ætlum í ferðalag um
páskana

‡ • ferð, lag, fara, ferðast; brottför

yfirborð *hk. – hús*
[-s, -]

– yfirborð sjávar hefur hækkað

‡ • yfir, borð

hné *hk.*
[-s, -]

– ég datt á hnéð

‡ kné

íbúi *kk. – tími*
[-a, -ar]

– hvað eru margir íbúar í
Reykjavík?

‡ • búa, í; búð, íbúð

kjól-l *kk. – hestur S*
[-s, -ar]

– mig langar í gulan kjól

sjón *kvk. – mynd*
[-ar, -ir]

– hann hefur enn góða sjón

‡ • sjónvarp, sjá; sýn, sýna, útsýni

tungl *hk. – hús*
[-s, -]

– það er fullt tungl

‡

hlé *hk. – hús*
[-s, -]

– nú verður stutt hlé

róleg-ur *lo. – gulur*
[-, -t; -ri, -astur]

– hann er mjög rólegur maður

‡ róligr • róa

óþekkt-ur *lo. – gulur*
[-, -]

– hún er óþekkt leikkona

‡ • þekkja, þekking « þekktur

heilbrigð-ur *lo. – gulur*
[-, heilbrigt; -ari, -astur]

– heilbrigð sál í hraustum líkama

‡ heilbrigðr • heill, heilsa (no), heild

augnaráð *hk. – hús*
[-s, -]

– hún sendi mér kuldalegt
augnaráð

‡ • auga, ráð